



Reykjavík, 20.12. 2024

USK24110333

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Deildarstjóri loftslagsmála

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 27. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað kostar að gera eitt stykki ferðavenjukönnun sem Gallup hefur framkvæmt fyrir Reykjavíkurborg á hverju ári í 16 ár? Greinargerð fylgir fyrirspurn.

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins telur rétt í ljósi sparnaðaraðgerða sem borgin þarf að undirgangast að þessar kannanir séu gerðar annað hvert ár frekar en árlega þar sem það liggur fyrir að oft eru ekki miklar breytingar milli ára?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra loftslagsmála, dags. 11. desember 2024.

Svar:

Kostnaður við ferðavenjukönnunina árið 2024 var 367.200 án VSK. Könnunin er ein forsenda að því að Reykjavík varð Pilot borg og fékk 600.000 evra styrk (um 90 milljónir ISK) fyrir verkefnið „Þrætt í gegnum þrengslin“ (e. Piercing through the gridlocks) sem mun ná til september 2026. Styrkurinn verður m.a. nýttur til að greiða fyrir þessa ferðavenjukönnun. Ferðavenjukönnunin er því Reykjavík að kostnaðarlausu árin 2024 og 2025.

Tekið skal fram að ferðavenjukönnunin hefur í gegnum árin verið nýttur af samgöngudeild USK en er einnig mælikvarði sem hefur verið nýttur með margvíslegum hætti. Niðurstöðurnar hafa m.a. verið nýttar sem hluti af framfylgd Aðalskipulags, sem upplýsingagjöf um loftslagsmál (loftslagsuppgjör) og eru innlegg í mælikvarða vottaðra sjálfbærnistaðla borgarinnar (ISO stöðlum) sem eru m.a. nýttir vegna Græna plansins.

Faglega er því ekki mælt með að draga úr tíðni ferðavenjukannana auk þess sem það hefði engan sparnað í för með sér 2024 og 2025.

Virðingarfyllst,



Reykjavík



Hrönn Hrafnadóttir,
Umhverfis- og skipulagssvið
Deildarstjóri loftslagsmála

Ef einhver fylgigögn eru, taka það fram hér



Reykjavík